

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/2307****2022/EES/18/71****frá 21. október 2021****um reglur um skjöl og tilkynningar sem krafist er fyrir lífrænt ræktaðar vörur og vörur
í aðlögun sem eru ætlaðar til innflutnings til Sambandsins (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 frá 30. maí 2018 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 ⁽¹⁾, einkum b- og c-lið 2. mgr. 39. gr. og 7. mgr. 43. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við 1. mgr. 45. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 er heimilt að flytja inn vöru frá þriðja landi í þeim tilgangi að setja vöruna á markað innan Sambandsins sem lífrænt ræktaða vöru eða sem vöru í aðlögun. Þess vegna er nauðsynlegt að mæla fyrir um ítarlegar reglur er varða tiltekna rekstraraðila í Sambandinu að því er varðar sendingar við komu inn í Sambandið og eftir að sending eða hluti af sendingu hefur verið afgreiddur í frjálst flæði í Sambandinu. Þessir rekstraraðilar eru innflytjendur sem framvísa sendingu til afgreiðslu í frjálst flæði í Sambandinu, eða rekstraraðilar sem koma fram fyrir þeirra hönd, og fyrstu viðtakendur og viðtakendur sem koma til með að taka við sendingu eða hluta af sendingu.
- 2) Með það fyrir augum að skipuleggja kerfi opinbers eftirlits með sendingum sem tryggir rekjanleika ætti innflytjandinn að senda fyrirframtilkynningu um komu sendingar til lögbærs yfirvalds og síns eigin eftirlitsyfirvalds eða eftirlitsaðila með því að senda viðeigandi upplýsingar um skoðunarvottorðið sem kveðið er á um í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2306 ⁽²⁾.
- 3) Að auki er nauðsynlegt að mæla fyrir um ítarlegar reglur að því er varðar innihald útdráttá úr skoðunarvottorðum sem og að því er varðar tæknilegar aðferðir sem eru notaðar við útgáfuna.
- 4) Innflytjandinn, fyrsti viðtakandi og viðtakandinn ættu að leggja fram skoðunarvottorð eða útdrátt úr skoðunarvottorði að beiðni eftirlitsyfirvalda eða eftirlitsaðila. Nauðsynlegt er að mæla fyrir um viðbótarskyldur að því er varðar upplýsingar sem innflytjandinn, fyrsti viðtakandinn og viðtakandinn, eftir því sem við á, eiga að láta koma fram í lýsingu á lífrænni framleiðslueiningu eða framleiðslueiningu í aðlögun sem um getur í i. lið d-liðar 1. mgr. 39. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 461, 27.12.2021, bls. 30. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 40/2022 frá 4. febrúar 2022 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 1.

⁽²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2306 frá 21. október 2021 um að bæta við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 reglum um opinbert eftirlit að því er varðar sendingar af lífrænt ræktaðum vörum og vörum í aðlögun sem eru ætlaðar til innflutnings til Sambandsins og skoðunarvottorð (Stjttíð. ESB L 461, 27.12.2021, bls. 13).

- 5) Til að tryggja að tilvikum þar sem ekki var farið að tilskildum ákvæðum sé fylgt eftir á tilhlýðilegan hátt ætti að deila upplýsingum um sérhvert tilvik þar sem grunur leikur á um eða staðfest er að ekki var farið að tilskildum ákvæðum, sem kom í ljós við sannpröfun lögbærs yfirvalds aðildarríkis á sendingu, með aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni með því að nota upplýsingakerfið fyrir lífrænan búskap.
- 6) Í tengslum við pappírsgáfu skoðunarvottorðs og pappírsgáfu útdráttar úr skoðunarvottorði, sem er árituð á pappír með handskrifaðri undirritun í samræmi við framselda reglugerð (ESB) 2021/2306, er nauðsynlegt að mæla fyrir um umbreytingarkröfur varðandi notkun fyrsta viðtakandans og viðtakandans á slíku vottorði og útdráttum úr því sem og um kröfur varðandi slíkt vottorð og útdrætti úr því sem eiga að fylgja vörunum til athafnasvæðis fyrsta viðtakandans og viðtakandans.
- 7) Til glöggvunar og í þágu réttarvissu ætti þessi reglugerð að gilda frá þeim degi sem reglugerð (ESB) 2018/848 kemur til framkvæmda.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um:

- a) yfirlýsingar og orðsendingar innflytjenda, rekstraraðila sem bera ábyrgð á sendingum, fyrstu viðtakenda og viðtakenda vegna innflutnings á vörum frá þriðju löndum í þeim tilgangi að setja þessar vörur á markað innan Sambandsins sem lífrænt ræktaðar vörur eða sem vörur í aðlögun og
- b) tilkynningu lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna um sendingar sem grunur leikur á um eða staðfest er að séu ekki í samræmi við tilskilin ákvæði.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „innflytjandi“: einstaklingur eða lögaðili sem er með staðfestu í Sambandinu og fellur undir eftirlitskerfið sem um getur í reglugerð (ESB) 2018/848, sem framvísar sendingu til afgreiðslu í frjálst flæði í Sambandinu, annaðhvort í eigin persónu eða fyrir milligöngu fulltrúa,
- 2) „rekstraraðili sem ber ábyrgð á sendingu“: að því er varðar 4. mgr. 6. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/2306 og framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2123 ⁽³⁾, innflytjandi eða einstaklingur eða lögaðili, sem er með staðfestu í Sambandinu, sem framvísar sendingu á landamæraeftirlitsstöð fyrir hönd innflytjandans,
- 3) „fyrsti viðtakandi“: einstaklingur eða lögaðili sem er með staðfestu í Sambandinu og fellur undir eftirlitskerfið sem um getur í reglugerð (ESB) 2018/848, sem innflytjandinn afhendir sendingu eftir að hún er afgreidd í frjálst flæði og sem tekur við henni til frekari tilreiðslu og/eða setningar á markað,
- 4) „viðtakandi“: einstaklingur eða lögaðili sem er með staðfestu í Sambandinu og fellur undir eftirlitskerfið sem um getur í reglugerð (ESB) 2018/848, sem innflytjandinn afhendir lotuna, sem verður til eftir að sendingu er skipt upp, eftir að hún er afgreidd í frjálst flæði og sem tekur við henni til frekari tilreiðslu og/eða setningar á markað,

⁽³⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2123 frá 10. október 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar reglur um í hvaða tilvikum og við hvaða skilyrði sannpröfun auðkenna og eftirlit með ástandi tiltekinna vara má fara fram á eftirlitsstöðum og sannpröfun skjala má fara fram annars staðar en á landamæraeftirlitsstöð (Stjtíð. ESB L 321, 12.12.2019, bls. 64).

- 5) „sending“: sending, eins og hún er skilgreind í 37. lið 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 ⁽⁴⁾, af vörum sem ætlunin er að setja á markað innan Sambandsins sem lífrænt ræktaðar vörur eða vörur í aðlögun; ef um er að ræða lífrænt ræktaðar vörur eða vörur í aðlögun, sem eru undanþegnar opinberu eftirliti á landamæraeftirlitsstöðvum í samræmi við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2305 ⁽⁵⁾, er þó merkingin magn vara undir einu eða fleiri númerum úr sameinuðu nafnaskránni sem fellur undir eitt skoðunarvottorð, er sent með sama flutningatæki og innflutt frá sama þriðja landi.

3. gr.

Fyrirframtilkynning um komu

1. Að því er varðar hverja sendingu skal innflytjandi eða, eftir því sem við á, rekstraraðili sem ber ábyrgð á sendingunni senda fyrirframtilkynningu um komu sendingarinnar á landamæraeftirlitsstöðina eða á eftirlitsstaðinn þar sem hún er afgreidd í frjálst flæði með því að fylla út og senda gegnum Traces-kerfið, sem um getur í 36. lið 2. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1715 ⁽⁶⁾, viðeigandi hluta af skoðunarvottorðinu, í samræmi við fyrirmyndina og athugasemdirnar sem settar eru fram í viðaukanum við framselda reglugerð (ESB) 2021/2306, til eftirfarandi aðila:

- a) lögbærs yfirvalds sem um getur í 6. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/2306,
- b) eftirlitsyfirvalds eða eftirlitsaðila innflytjandans.

2. Að því er varðar sérhverja sendingu sem fellur undir opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum gildir 1. mgr. til viðbótar við kröfurnar um fyrirframtilkynningu til lögbærra yfirvalda á landamæraeftirlitsstöðvum sem eru komustöðvar sendinganna skv. a-lið 3. mgr. 56. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.

3. Senda skal fyrirframtilkynningar skv. 1. mgr. í samræmi við kröfur um lágmarkstíma sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1013 ⁽⁷⁾.

4. gr.

Skoðunarvottorð og útdráttur úr skoðunarvottorði

1. Innflytjandi og fyrsti viðtakandi skulu útfylla skoðunarvottorðið í Traces-kerfinu sem hér segir:

- a) í reit 23 um sérstakt tollferli skal innflytjandinn setja allar upplýsingarnar inn í Traces-kerfið nema upplýsingar um sannpröfun sem viðkomandi lögbært yfirvald innir af hendi,

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) (Stjtið. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1).

⁽⁵⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2305 frá 21. október 2021 um að bæta við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 reglum um í hvaða tilvikum og við hvaða skilyrði lífrænt ræktaðar vörur og vörur í aðlögun eru undanþegnar opinberu eftirliti á landamæraeftirlitsstöðvum, hvar opinbert eftirlit með slíkum vörum á að fara fram og um breytingu á framseldum reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2123 og (ESB) 2019/2124 (Stjtið. ESB L 461, 27.12.2021, bls. 5).

⁽⁶⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1715 frá 30. september 2019 um reglur um starfsemi upplýsingastjórnarkerfis fyrir opinbert eftirlit og kerfisíhluti þess (IMSOC-reglugerðin) (Stjtið. ESB L 261, 14.10.2019, bls. 37).

⁽⁷⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1013 frá 16. apríl 2019 um fyrirframtilkynningar um sendingar af tilteknum flokkum dýra og vara sem koma inn í Sambandið (Stjtið. ESB L 165, 21.6.2019, bls. 8).

- b) í reit 24 um fyrsta viðtakanda skal innflytjandinn setja upplýsingarnar inn í Traces-kerfið ef eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili í þriðja landinu hefur ekki sett upplýsingarnar inn fyrir sannpröfun á sendingunni og áritun lögbærs yfirvalds á skoðunarvottorðinu og
- c) fyrsti viðtakandinn skal útfylla reit 31 um yfirlýsingu fyrsta viðtakanda í Traces-kerfinu við móttöku sendingarinnar eftir að hún er afgreidd í frjálst flæði.

2. Ef ákvörðun sem tekin er um sendinguna, í samræmi við 3. mgr. 6. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/2306, er sú að það skuli afgreiða sendinguna í frjálst flæði skal innflytjandinn tilgreina númerið á skoðunarvottorðinu í tollskýrslunni vegna afgreiðslu í frjálst flæði eins og um getur í 1. mgr. 158. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013 ⁽⁸⁾.

3. Ef sendingu er skipt upp í mismunandi lotur undir tolltilsjón og áður en hún er afgreidd í frjálst flæði í samræmi við 6. mgr. 6. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/2306 skal innflytjandinn útfylla og leggja fram gegnum Traces-kerfið útdrátt úr skoðunarvottorðinu fyrir hverja lotu í samræmi við fyrirmyndina og athugasemdirnar sem settar eru fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

Það sama gildir ef sendingu er skipt upp í mismunandi lotur í samræmi við 3. mgr. 7. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/2306 eftir sannpröfun og áritun skoðunarvottorðs.

Ef ákvörðun í tengslum við lotu, sem er skráð í útdráttinn úr skoðunarvottorðinu í samræmi við 6. mgr. 6. gr. og 4. mgr. 7. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/2306, er sú að það skuli afgreiða lotuna í frjálst flæði skal tilgreina númerið á útdráttinum úr skoðunarvottorðinu í tollskýrslunni vegna afgreiðslu í frjálst flæði eins og um getur í 1. mgr. 158. gr. reglugerðar (ESB) nr. 952/2013.

Viðtakandinn skal, við móttöku lotu, útfylla reit 13 í útdráttinum úr skoðunarvottorðinu í Traces-kerfinu og staðfesta hvort umbúðirnar eða gámurinn og, ef við á, skoðunarvottorðið eru í samræmi við 6. lið III. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848 við móttöku lotunnar.

4. Útdráttur úr skoðunarvottorði skal saminn á opinberu tungumáli eða einu af opinberum tungumálum aðildarríkisins þar sem á að afgreiða lotuna í frjálst flæði. Aðildarríki getur fallist á að útdrættir úr vottorðum séu samdir á öðru opinberu tungumáli Sambandsins og að þeim fylgi, ef nauðsyn krefur, staðfest þýðing.

5. gr.

Skriflegt bókhald

Að fenginni beiðni viðkomandi lögbærs yfirvalds, eftirlitsyfirvalds eða eftirlitsaðila skal innflytjandi, fyrsti viðtakandi eða viðtakandi leggja fram skoðunarvottorð eða, ef við á, útdrátt úr skoðunarvottorði þar sem hans er getið.

6. gr.

Lýsing á framleiðslueiningum og starfsemi

Ef um er að ræða að innflytjandinn tilkynnir að sending verði afgreidd í frjálst flæði skal nákvæm lýsing á lífrænni framleiðslueiningu eða framleiðslueiningu í aðlögun og á starfseminni, eins og um getur í i. lið d-liðar 1. mgr. 39. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848, innihalda:

- a) athafnasvæði,
- b) starfsemi, þ.m.t. staðirnir þar sem vörurnar eru afgreiddar í frjálst flæði í Sambandinu,

⁽⁸⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013 frá 9. október 2013 um tollalög Sambandsins (Stjtfð. ESB L 269, 10.10.2013, bls. 1).

- c) alla aðra aðstöðu sem innflytjandinn ætlar sér að nota til að geyma innfluttar vörur meðan þess er beðið að þær verði afhentar fyrsta viðtakanda og
- d) skuldbindingu til að tryggja að öll aðstaða sem verður notuð til geymslu á innfluttum vörum falli undir eftirlit sem annaðhvort eftirlitsfirvald eða eftirlitsaðili innir af hendi eða, ef þessi geymsluaðstaða er staðsett í öðru aðildarríki eða á öðru svæði, eftirlitsfirvald eða eftirlitsaðili sem er viðurkennt/viðurkenndur til eftirlits í því aðildarríki eða á því svæði.

Ef um er að ræða fyrsta viðtakanda eða viðtakanda skal lýsingin taka til aðstöðu sem er notuð til að taka á móti sendingum og geyma þær.

7. gr.

Tilkynning um grun um eða staðfestingu á að ekki er farið að tilskildum ákvæðum

Ef tilvik þar sem grunur leikur á um eða staðfest er að ekki var farið að tilskildum ákvæðum koma í ljós við sannprófun á því að sending sé í samræmi við tilskilin ákvæði, í samræmi við 6. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/2306, skal hlutaðeigandi aðildarríki tafarlaust tilkynna um það til framkvæmdastjórnarinnar og annarra aðildarríkja með því að nota upplýsingakerfið fyrir lífrænan búskap og sniðmátið sem sett er fram í 4. þætti II. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/279⁽⁹⁾. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa lögbært yfirvald eða, ef við á, eftirlitsfirvald eða eftirlitsaðila hlutaðeigandi þriðja lands.

8. gr.

Umbreytingarákvæði vegna pappírsgáfa af skoðunarvottorðum og útdráttum úr þeim

1. Pappírsgáfa skoðunarvottorðs, árituð með handskrifaðri undirritun í samræmi við 2. mgr. 11. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/2306, og pappírsgáfa útdráttar úr skoðunarvottorði, árituð með handskrifaðri undirritun í samræmi við 5. mgr. 11. gr. þeirrar reglugerðar, skulu fylgja vörunum til athafnasvæðis fyrsta viðtakandans eða viðtakandans.

2. Við móttöku á pappírsgáfu skoðunarvottorðs, sem um getur í 1. mgr., skal fyrsti viðtakandinn sannreyna hvort upplýsingarnar í vottorðinu samsvara upplýsingunum sem voru færðar inn í vottorðið í Traces-kerfinu.

Ef upplýsingar sem varða fjölda pakkninga, sem um getur í reit 13 í skoðunarvottorðinu, og upplýsingar í reitum 16 og 17 í því vottorði eru ekki færðar inn í pappírsgáfu skoðunarvottorðsins eða ef slíkar upplýsingar eru ekki þær sömu og upplýsingarnar sem færðar voru inn í vottorðið í Traces-kerfinu skal fyrsti viðtakandinn taka tillit til upplýsinganna sem voru færðar inn í vottorðið í Traces-kerfinu.

3. Eftir sannprófunina sem um getur í 2. mgr. skal fyrsti viðtakandi undirrita pappírsgáfu skoðunarvottorðsins með handskrifaðri undirritun í reit 31 og skal senda vottorðið til innflytjandans sem getið er í reit 12 í vottorðinu.

4. Innflytjandinn skal hafa pappírsgáfu skoðunarvottorðsins, sem um getur í 3. mgr., til reiðu fyrir eftirlitsfirvald eða eftirlitsaðila í a.m.k. tvö ár.

5. Ef um er að ræða pappírsgáfu útdráttar úr skoðunarvottorði, eins og um getur í 1. mgr., skal viðtakandinn, við móttöku lotunnar, undirrita þessa pappírsgáfu útdráttarins með handskrifaðri undirritun í reit 13.

6. Viðtakandi lotunnar skal hafa pappírsgáfu útdráttarins úr skoðunarvottorðinu, sem um getur í 5. mgr., til reiðu fyrir eftirlitsfirvald og/eða eftirlitsaðila í a.m.k. tvö ár.

⁽⁹⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/279 frá 22. febrúar 2021 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 varðandi eftirlit og aðrar ráðstafanir til að tryggja rekjanleika og reglufylgni í lífrænni framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara (Stjtið. ESB L 62, 23.2.2021, bls. 6).

7. Fyrsti viðtakandinn eða, ef við á, innflytjandinn getur gert afrit af pappírsútgáfu skoðunarvottorðsins, sem um getur í 3. mgr., í þeim tilgangi að upplýsa eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðila í samræmi við 5. gr. Á öll slík afrit skal prenta eða stimpla orðið „AFRIT“.

8. Viðtakandinn eða, ef við á, innflytjandinn getur gert afrit af pappírsútgáfu útdráttarins úr skoðunarvottorðinu, sem um getur í 5. mgr., í þeim tilgangi að upplýsa eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðila í samræmi við 5. gr. Á öll slík afrit skal prenta eða stimpla orðið „AFRIT“.

9. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. október 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

I. HLUTI

ÚTDRÁTTUR ÚR SKOÐUNARVOTTORÐI NR. ... VEGNA INNFLUTNINGS Á LÍFRÆNT RÆKTUÐUM VÖRUM OG VÖRUM Í AÐLÖGUN INN Í EVRÓPUSAMBANDIÐ

1. Eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili sem gaf út skoðunarvottorðið sem liggur til grundvallar	2. Málsmeðferð samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 ⁽¹⁾ : <input type="checkbox"/> Farið að tilskildum ákvæðum (46. gr.) <input type="checkbox"/> Jafngilt þriðja land (48. gr.) <input type="checkbox"/> Jafngilt eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili (57. gr.) <input type="checkbox"/> Jafngildi samkvæmt viðskiptasamningi (47. gr.)
3. Tilvísunarnúmer skoðunarvottorðs	4. Eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili
5. Innflytjandi	6. Upprunaland
7. Útflutningsland	8. Landamæraeftirlitsstöð/eftirlitsstaður/staður þar sem vörur eru afgreiddar í frjálst flæði
9. Viðtökuland	10. Viðtakandi framleiðslulotu sem verður til við skiptingu

11. Lýsing á vörum

Lífrænt ræktaðar eða í aðlögun SN-númer Flokkur Fjöldi pakkninga Lotunúmer Eigin þyngd lotunnar og eigin þyngd upphaflegu sendingarinnar

12. Yfirlýsing viðkomandi lögbærs yfirvalds sem sannprófar og áritar útdráttinn úr vottorðinu

Þessi útdráttur á við um framangreinda framleiðslulotu sem verður til við skiptingu vörusendingar sem fellur undir upprunalegt skoðunarvottorð með númeri sem tilgreint er í reit 3

- Afgreiða má lotuna í frjálst flæði sem „lífræn ræktun“
- Afgreiða má lotuna í frjálst flæði sem „í aðlögun“
- Afgreiða má lotuna í frjálst flæði sem „ekki úr lífrænni ræktun“
- Ekki er hægt að afgreiða lotuna í frjálst flæði

Viðbótarupplýsingar:

Yfirvald og aðildarríki:

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 frá 30. maí 2018 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 (Stjút. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 1).

Dagsetning:

Nafn og undirritun til þess bær einstaklings/fullgilt rafrænt innsigli

13. Yfirlýsing viðtakanda framleiðslulotunnar

Þetta er til að staðfesta að við móttöku varanna eru umbúðirnar eða gámurinn og, ef við á, skoðunarvottorðið:

- í samræmi við 6. lið III. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848 eða
- ekki í samræmi við 6. lið III. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848

Nafn og undirritun þar til bær einstaklings

Dagsetning:

II. HLUTI

ATHUGASEMDIR VARÐANDI ÚTFYLLINGU FYRIRMYNDARINNAR AÐ ÚTRÆTTINUM ÚR SKOÐUNARVOTTORÐINU

Útdráttur nr. ...: Númer útdráttarinn svarar til númers framleiðslulotu sem verður til við skiptingu á upprunalegu vörusendingunni.

- Reitur 1: Heiti, heimilisfang og kenninúmer eftirlitsyfirvalds eða eftirlitsaðila í þriðja landinu sem gaf út skoðunarvottorðið sem liggur til grundvallar.
- Reitur 2: Í þessum reit eru tilgreind þau ákvæði reglugerðar (ESB) 2018/848 sem varða útgáfu og notkun þessa útdráttar; tilgreina skal viðkomandi ákvæði sem varða innflutningsfyrirkomulag vörusendingar, sjá reit 2 á skoðunarvottorðinu sem liggur til grundvallar.
- Reitur 3: Númer skoðunarvottorðs sem vottorðinu sem liggur til grundvallar er sjálfkrafa úthlutað í Traces-kerfinu.
- Reitur 4: Heiti, heimilisfang og kenninúmer eftirlitsyfirvalds eða eftirlitsaðila sem ber ábyrgð á eftirlitinu með rekstraraðilanum sem skipti sendingunni upp.
- Reitir 5, 6 og 7: Sjá viðeigandi upplýsingar um skoðunarvottorðið sem liggur til grundvallar.
- Reitur 8: Þetta er einkvæmur alstafakóði sem Traces-kerfið úthlutar landamæraeftirlitsstöð, eða eftirlitsstað öðrum en landamæraeftirlitsstöð eins og um getur í a-lið 1. mgr. 53. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 ⁽²⁾, eða staðnum þar sem vörurnar eru afgreiddar í frjálst flæði inn í Evrópusambandið, eins og við á, þ.m.t. landið þar sem opinbert eftirlit til að sannprófa lotuna er innt af hendi í samræmi við 1. og 2. mgr. 6. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2306 ⁽³⁾ og þar sem ákvörðunin um sendinguna er skráð í reit 30 í skoðunarvottorðinu.
- Reitur 9: Með ákvörðunarlandi er átt við land fyrsta viðtakanda í Evrópusambandinu.
- Reitur 10: Viðtakandi framleiðslulotu (sem verður til við skiptingu) í Evrópusambandinu.
- Reitur 11: Lýsing á vörunum sem inniheldur:
- upplýsingar um hvort vörurnar eru lífrænt ræktaðar eða í aðlögun,
 - númer úr sameinuðu nafnaskránni (SN-númer), eins og um getur í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 ⁽⁴⁾, fyrir hlutaðeigandi vörur (8 tölustafa þrep ef unnt er),
 - flokk vörunnar í samræmi við II. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1378 ⁽⁵⁾,
 - fjölda pakkninga (fjöldi af boxum, öskjum, pokum, fötum o.s.frv.),
 - eigin þyngd, gefin upp í viðeigandi einingum (nettóþyngd í kg, lítrum o.s.frv.) og eigin þyngd sem er tilgreind í reit 13 í skoðunarvottorðinu sem liggur til grundvallar.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) (Stjtið. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1).

⁽³⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2306 frá 21. október 2021 um að bæta við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 reglum um opinbert eftirlit að því er varðar sendingar af lífrænt ræktuðum vörum og vörum í aðlögun sem eru ætlaðar til innflutnings til Sambandsins og skoðunarvottorð (Stjtið. ESB L 461, 27.12.2021, bls. 13).

⁽⁴⁾ Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 frá 23. júlí 1987 um tollskrár- og hagtöluflokkunarkerfið og sameiginlegu tollskrána (Stjtið. EB L 256, 7.9.1987, bls. 1).

⁽⁵⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1378 frá 19. ágúst 2021 um tiltekna reglur sem varða vottorð sem er gefið út til rekstraraðila, hópa rekstraraðila og útflytjenda í þriðju löndum sem koma að innflutningi á lífrænt ræktuðum vörum og vörum í aðlögun inn í Sambandið og um að koma á fót skrá yfir viðurkennd eftirlitsyfirvöld og viðurkennda eftirlitsaðila í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 (Stjtið. ESB L 297, 20.8.2021, bls. 24).

- Reitur 12: Lögbært yfirvald verður að útfylla þennan reit fyrir hverja lotu sem verður til við skiptinguna sem um getur í 6. mgr. 6. gr. og 3. mgr. 7. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/2306.
- Lögbært yfirvald verður að velja viðeigandi valkost og bæta við, ef nauðsyn krefur, hvers konar viðbótarupplýsingum sem teljast skipta máli. Einkum, ef valkosturinn „Ekki er hægt að afgreiða lotuna í frjálst flæði“ var valinn, verður að veita viðeigandi upplýsingar undir „viðbótarupplýsingar“.
- Ef um er að ræða vörur sem falla undir opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum verður lögbært yfirvald á landamæraeftirlitsstöðinni að útfylla þennan reit.
- Einungis er gerð krafa um handskrifaða undirritun til þess bærst einstaklings ef um er að ræða útdrætti úr skoðunarvottorðum sem eru áritaðir á pappír fram til 30. júní 2022 í samræmi við 5. mgr. 11. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/2306.
- Reitur 13: Viðtakandi verður að fylla þennan reit út við móttöku lotunnar með því að velja einn valkost eftir að hann hefur framkvæmt athuganirnar sem kveðið er á um í 6. lið III. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848.
- Gerð er krafa um handskrifaða undirritun viðtakanda á útdráttum úr skoðunarvottorðum sem eru áritaðir á pappír fram til 30. júní 2022 í samræmi við 5. mgr. 11. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/2306.
-